



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Sent í samráðsgátt.
Reykjavík, 1. október 2020

Efni: Umsögn - breytingar á jarðalögum einföldun stjórnisýslu

Tilv. 202010-0002

Vísað er til birtingar frumvarps um laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði jarðamála í samráðsgátt, dags. 10. september sl. þar sem óskað var eftir umsögnum. Þar eru lagðar til töluverðar breytingar á jarðalögum fyrst og fremst en einnig búnaðarlögum og skipulagslögum. Samkvæmt almennum athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu er tilgangur þess m.a. að einfalda regluverk og stjórnisýslu jarðamála í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar um einföldun regluverks. Bændasamtök Íslands hafa farið yfir efni frumvarpsins og gera eftirfarandi athugasemdir.

1. Brottfall á skyldu ráðherra til að samþykkja breytta landnotkun og landskipti

Bændasamtökin hafa í umsögnum um tengd mál ítrekað bent á að sveitarfélög séu betur til þess fallin en ráðherra að taka ákvarðanir um málefni á sínu svæði, þ.m.t. ákvarðanir sem varða breytta landnotkun og landskipti. Samtökin fagna því þeim fyrirætlunum um að fella brott skyldu ráðherra til að samþykkja breytta landnotkun á landbúnaðarsvæðum sem og skyldu til að staðfesta landskipti. Ráðuneytið hefur hingað til ekki lagt efnislegt mat á erindi heldur treyst á mat sveitarfélaganna og því rökrétt og eðlilegt að falla frá fyrra fyrirkomulagi. Þannig er skipulagsvald sveitarfélagana virt og stjórnisýsla einfölduð á sama tíma.

2. Skráning lögbýla og hugtakaskilgreiningar

Lagt er til að felldur verði brott sá kafli jarðalaga sem fjallar um lögbýli. Skv. núgildandi lögum er hugtakið lögbýli skilgreint og ráðherra veitir leyfi til stofnunar lögbýlis. Í framkvæmd er það svo að ráðuneytið samþykkir allar umsóknir sem uppfylla áskilnað um eignarheimildir og ef fyrir liggur umsögn sveitarstjórnar og ráðunautar um búrekstrarskilyrði. Bændasamtökin taka undir það sem kemur fram í athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu að eðlilegt sé að sveitarstjórnir marki sjálfar hvaða skilmálar gildi um nýtingu jarðeigna innan lögsagnarmarka þeirra, hvað varðar skráningu heimilisfesti og veitta þjónustu. Eðlilegt er að sveitarfélög veiti leyfi til stofnunar lögbýla.

Þá er lagt til að skráningu lögbýla verði viðhaldið en að sú skráning taki aðeins mið af nauðsynlegum upplýsingum sem ráðuneytinu er þörf á að safna skv. öðrum lögum og er því ætlað að styrkja framkvæmd búvörusamninga. Þó er ekki ljóst hvaða afleiðingar það mun hafa að fella skilgreiningu hugtaksins lögbýli úr jarðalögum og mikilvægt að stíga varlega til jarðar í þeim efnum en hugtakið kemur víða fyrir í löggjöf, búvörusamningum og öðrum samningum. Afar óæskilegt er að skapa óvissu um þýðingu hugtaksins og lögfylgjur þess. Þá segir í athugasemdum í greinargerð að breytingin kunni að kalla á breytingar á öðrum lögum



og skipulagsskilmálum sveitarfélaga. Að mati samtakanna þarf að kanna betur mögulegar afleiðingar þessara breytinga.

Að öðru leyti þarf að kanna betur hvaða þýðingu brottfall annarra hugtakaskilgreininga úr lögnum sem ekki eru augljóslega úrelt og tryggja að slíkt valdi ekki óvissu eða öðrum vandkvæðum.


3. Flokkun landbúnaðarlands

Bændasamtökin fengu drög að leiðbeiningum send til umsagnar og leggja áherslu á að fá áfram að koma að þeirri vinnu.

4. Lokaorð

Bændasamtökin eru almennt fylgjandi því að stjórnýsla sé einfölduð en leggja jafnframt áherslu á að stórar breytingar sem þessar séu vel ígrundaðar. Frumvarpið er vel unnið og margar breytingar sem koma fram eru tímabærar og jákvæðar.

Virðingarfyllt
f.h. Bændasamtaka Íslands



Guðrún Vaka Steingrimsdóttir